



Nr. 33 3. tbl., 16. árg., september 2014



Magnús Guðmundsson, forstjóri LMÍ (t.h.) ásamt fulltrúa Indónesiu á fundi SP um bættu notkun landupplýsinga.


Alþjóðlegt samstarf á vegum Sameinuðu þjóðanna

Á undanförunum árum hefur orðið sprenging í framboði á landupplýsingum og ýmis konar þjónustu tengdum þeim. Um leið hefur skilningur stjórnvalda, fyrirtækja og stofnana á gildi og þörfum fyrir landupplýsingar aukist verulega. Í stuttu máli má segja að landupplýsingar séu undirstaða allrar daglegrar þjónustu sem tengist staðsetningu hvort sem um er að ræða heimilisföng, jarðamörk eða

næsta pizzustað. Góðar landupplýsingar hafa sannað gildi sitt um allan heim þegar viðbrögð fyrir og eftir náttúruhamfarir eins og flóð, jarðskjálfta, eldgos og fellibyli eru skipulögð. Vegna þessa hafa Sameinuðu þjóðirnar hrint af stað alþjóðlegu samstarfi til að nýta sem best kort og landupplýsingar, sérstaklega vegna aukinnar tíðni náttúruhamfara. Þróuð verður aðferðar-

fræði til að samnýta og samræma vinnubrögð við tölulegar landfræðilegar upplýsingar og til að efla samstarf opinberra aðila sem hafa hlutverk við öflun og miðlun slíkra upplýsinga. Nafn þessa samstarfs og nýrrar skrifstofu Sameinuðu þjóðanna á sviðinu er [UN-GGIM](#) (United Nations initiative on Global Geospatial Information Management).

Copernicusáætlun Evrópusambandsins



Kort af Holuhrauni tekið af vef Copernicus.

[Copernicusáætlun](#) Evrópusambandsins er verkefni sem snýst um vöktun á yfirborði og umhverfi jarðarinnar m.a. með nýjustu gervitunglatækni. Landmælingar Íslands eru aðaltengiliður Íslands við áætlunina og á grundvelli

hennar fær Ísland aðgang að þjónustu og upplýsingum um stöðu og þróun ýmissa umhverfispáttá svo sem á sviðum sjávar, andrúmslofts og náttúruvár. Almannaþingardeild ríkislögreglu- stjóra fer með þann þátt áætlunarinnar

sem snýr að náttúruvá og virkjun aðgerða á því sviði fyrir hönd stjórnvalda hér á landi. Eitt af þeim atriðum sem fylgst er með er ástand loftgæða í heiminum og þessa dagana er fylgst grannt með þróun mála norðan Vatnajökuls eins og sjá má [á vef Geimferðarstofnunar Evrópu](#) (ESA).

Íslensk stjórnvöld óskuðu eftir því að virkja neyðarkortlagningu Copernicus (EMS) vegna atburðanna í Holuhrauni og var kerfið virkjað þann 2. september sl. en strax daginn eftir tóku að birtast [kort á vef Copernicus](#). Þetta er í fyrsta skipti sem íslensk stjórnvöld óska eftir virkjun á þessari þjónustu sem felur m.a. í sér kaup á fjarkönnunargögnum, kortagerð og hættumat. Þjónustan er Íslendingum að kostnaðarlausu þar sem Ísland er aðili að Copernicus.



Kortasjá landupplýsingagáttar.

Örnefnið Bárðarbunga

Frá því órói og jarðhræringar hófust í Bárðarbungu um miðjan ágúst síðastliðinn hefur nafnið margoft borið á góma í fjölmiðlum. Bárðarbunga er næst hæsti staður á Íslandi sem rís hátt yfir umhverfi sitt í [norðvestanverðum Vatnajökli](#). Á vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum má lesa fróðlega grein eftir Hallgrím J. Ámundason, stofustjóra nafnfræðisviðs stofnunarinnar, um örnefnið Bárðarbunga. Þar kemur meðal annars fram að allmörg örnefni á Íslandi eru kennd við nafnið Bárð og Bárðarbunga sé líklega þekktast þeirra. Þá segir að ekki liggi fyrir hversu gamalt örnefnið Bárðarbunga sé og í niðurlagi greinarinnar segir að þegar Loftleiðaflugvélín Geysir brotlenti á Bárðarbungu hafi nafnið fest sig rækilega í sessi enda hafi það verið á allra vörum vikum og mánuðum saman. Grein Hallgríms má lesa með því að smella [hér](#).

www.lmi.is

Reglugerð um stafrænar landupplýsingar

Samkvæmt [lögum nr. 44/2011](#) um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar setti umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl síðastliðnum [reglugerð](#) um þá þætti stafrænna landupplýsinga sem löggin taka til. Þar með er innleiðingu INSPIRE-tilskipunar Evrópusambandsins lokið. INSPIRE-tilskipunin lítur að því að auka aðgengi og samræma opinberar landupplýsingar í Evrópu og hafa Landmælingar Íslands leitt innleiðinguna á Íslandi fyrir hönd umhverfis- og auðlindaráðherra. Undir [grunngerðarluta](#) á vef Landmælinga Íslands er að finna ýmsar upplýsingar um grunngerðarverkefnið, lög, reglugerðir og INSPIRE. Þar er einnig að finna [landupplýsingagátt](#) sem Landmælingar Íslands hafa starfrækt frá miðju ári 2012. Landupplýsingagáttin er einföld og þægileg veflausn þar sem hægt er að skrá og deila upplýsingum um gagnasöfn sem tengjast landupplýsingum um Ísland. [Leiðbeiningar](#) sem fylgja skráningu lýsigagna í landupplýsingagáttina voru nýlega lagaðar

og einfaldaðar. Í þeim er útskýrt hvernig á að skrá lýsigögn í gáttina þannig að kröfur um grunngerð landupplýsinga á Íslandi og INSPIRE séu uppfylltar.

Nú þegar hafa 17 stofnanir og eitt sveitarfélag fengið skráningaraðgang í landupplýsingagáttina og hafið skráningu lýsigagna. Samanlagt hafa þessir aðilar skráð lýsigögn fyrir tæplega 100 gagnasöfn eða þjónustur. Með skráningu upplýsinga í landupplýsingagáttina er veittur stuðningur við meginreglur grunngerðar fyrir stafrænar landupplýsingar um að:


- Gögnum skuli safnað einu sinni og haldið við á sem hagkvæmasta hátt;
- Einfalt yfirlit verði til yfir hvaða gögn og þjónusta er í boði (lýsigögn);
- Gögn séu notuð frá upprunastað sínum;
- Hægt verði að nota gögn frá mörgum aðilum í mismunandi samhengi.


Aðilar að grunngerðinni eru hvattir til að nýta sér landupplýsingagáttina bæði til að finna gögn og skrá sín eigin.

Getraun mánaðarins

Um árabil hafa Landmælingar Íslands birt [myndagetraun mánaðarins](#) á vefsíðu stofnunarinnar. Þar hafa menn getað spreytt sig á loftmyndum og kortum, einnig gömlum bæjarteikningum og ljósmyndum danskra landmælingamanna. Getraun mánaðarins hefur verið geysi vinsæl og í hverjum mánuði berast tugir svara. Þegar dregið er úr réttum svörum er sá háttur hafður

á að innsend svör eru númeruð í þeirri röð sem þau berast og starfsmenn stofnunarinnar hafa séð um að draga úr potti sem inniheldur sama númerafjölda. Ef grannt er skoðað þá má finna allar myndirnar í [loftmynda-safni](#) Landmælinga Íslands. Einnig má á vefsíðu stofnunarinnar finna gömlu bæjarteikningarnar og ljósmyndir Dana á síðunni [Söguleg gögn](#).





Háumýrar á Sprengisandi

Mælingar sumarsins 2014

Landmælingar Íslands hafa að venju unnið að mælingum á hæðarkerfi stofnunarinnar í sumar. Að þessu sinni var ákveðið að leggja áherslu á GNSS mælingar í Landshæðarkerfinu ISH2004. Mælingarnar eru liður í því að vakta ISH2004 enda segir í reglugerð að mæla skuli GNSS mælda punkta í landshæðar-netinu á a.m.k. 10 ára fresti. Farnar voru fjórar mælingaferðir í samvinnu við

Vegagerðina; tvær í júní og tvær í ágúst. Í fyrstu ferðinni var mælt frá Orustuhól í Skaftárhreppi að Hellu auk þess sem mælt var frá Skeiðarvegamótum að Hrauneyjum. Í annari ferðinni var mælt milli Mývatns og Húsavíkur og í þriðju ferðinni var mælt yfir Fjallabaksleið nyrðri. Þá var í fjórðu ferðinni mælt frá Hrauneyjum yfir Sprengisand og norður í Bárðardal. Alls

voru mældir yfir 80 punktar sem ná yfir um 600 km af mælinínum. Þessi svæði voru valin vegna þess að þau eru á jarðfræðilega virkum stöðum eða liggja nærri þeim. Áður var mælt á þessum slóðum á árunum 2001-2005 og verður fróðlegt að sjá hversu miklar breytingar hafa átt sér stað síðan þá.



Kort af gossvæðinu norðan Vatnajökuls

Vegna gossins sem staðið hefur yfir í Holuhrauni að undanförunu hafa Landmælingar Íslands birt á heimasíðu sinni [nákvæm kort](#) af svæðinu þar um kring. Á kortunum eru m.a. örnefni og skálar á

svæðinu og þar er einnig hægt að sjá hvaða vegir eru lokaðir hverju sinni.

Í [kortasafni](#) Landmælinga Íslands er einnig að finna eldri kort og ýmsar kortasjár með uppfærðum kortum. Öll

þessi kort eru gjaldfrjálgs og notendur geta birt þau og notað að vild með því eina skilyrði að geta heimilda.



Þátttakendur á ársþingi evrópskra landmælingamanna.

Ársþing evrópskra landmælingamanna

Dagana 26. – 27. september sl. héldu samtök landmælingamanna í Evrópu, CLGE, ársþing sitt á Íslandi. Landmælingar Íslands eru meðlimir í þessum samtökum sem eru sameiginlegur vettvangur þeirra sem starfa í landmælingageiranum í Evrópu. Markmið samtakanna er m.a. að miðla þekkingu og skipuleggja menntun á sviði landmælingafræða en fulltrúar Íslands á ársþinginu héldu einmitt kynningu á stöðu þessara mála hér á landi. Á

fundinum var m.a. starfað í vinnuhópum þar sem gefin voru góð ráð og mikilvægar upplýsingar veittar s.s um hvernig standa ætti sem best að uppbyggingu fagsins hér á landi.

Alls sóttu ársþingið 60 þátttakendur frá 31 þjóð og flutti Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra setningarræðuna. Í ræðu hans kom m.a. fram að vaxandi þörf er á að skerpa á öllu regluverki í kringum landmælingar á Íslandi.



Gönguhópur í Innstavgnsnesi á Degi íslenskrar náttúru.

Dagur íslenskrar náttúru

Þriðjudaginn 16. september héldu Landmælingar Íslands upp á [Dag íslenskrar náttúru](#). Af því tilefni var ákveðið að bjóða eigendum GPS-tækja upp á stutt námskeið þar sem Guðmundur Valsson sérfræðingur stofnunarinnar í landmælingum ásamt

Hirti Hróðmarssyni fjallgöngugarpi kenndu á tækin og hvernig hægt er að tengja þau við kortavefsjár stofnunarinnar. Að námskeiðinu loknu var farið í gönguferð í [Innstavgnsnes](#) undir leiðsögn Guðna Hannessonar og Eydísar L. Finnbogadóttur, starfsmanna Landmæl-



Hópur á vegum Arctic SDI verkefnisins á fundi hjá Lanmælingum Íslands.

Erlendir gestir

Nokkuð hefur verið um að erlendir gestir hafi heimsótt Landmælingar Íslands í september. Meðal þeirra var vinnuhópur á vegum [Arctic SDI](#) sem hélt tveggja daga fund um verkefnið í byrjun mánaðarins. Fundarmenn komu frá Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Kanada. Anka Lisec, prófessor við háskólann í Lubljana í Slóveníu kom í þriggja daga heimsókn og kynnti sér starfsemi Landmælinga Íslands. Anka kennir m.a. skipulagsfræði og vinnur við rannsóknir á landnotkun og uppskiptingu lands í Slóveníu. Þá heimsóttu okkur ungmenni frá vinabæjum Akraness á Norðurlöndum. Þau voru á norrænu ungmennamóti á Akranesi dagana 6. til 14. september og fengu meðal annars kynningu á starfsemi Landmælinga Íslands. Loks fengum við heimsókn frá Tromsø þegar starfsfólk Jarðaskiptadómstólsins í Norður-Noregi kom og kynnti sér starfsemi stofnunarinnar í stuttri heimsókn þeirra til landsins.

www.lmi.is

inga Íslands, meðal annars til að prófa tækin og reyna nýja þekkingu. Námskeið og gönguferð tókust með ágætum enda léku veðurguðirnir við okkur Akurnesinga á Degi íslenskrar náttúru.

Útgefandi: Landmælingar Íslands

Stíllholti 16-18, 300 Akranes · Sími 430 9000 · lmi@lmi.is · www.lmi.is

Abyrgðarmaður: Eydís Línal Finnbogadóttir · Ritstjórn: Jensína Valdimarsdóttir o.fl. · Ljósmyndir: Guðni Hannesson o.fl.

Kvarðinn september 2014